

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## OLÍUBIRGÐASTÖÐ OLÍUDREIFINGAR Á KROSSANESI

<b>Dagsetning</b>	11. maí 2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing ehf.	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	31. janúar 2018
<b>Heimilisfang</b>	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	660695-2069	<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson Sigurður H. Ólafsson
<b>Isat nr.</b>	63.40	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	N65 42,300 V18 07,001
<b>Starfsemi</b>	Önnur flutningamiðlun		

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein önnur athugasemd var gerð.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar í Krossanesi, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Skoðaðir voru þrír nýir geymar í stöðinni, en þeir voru fluttir frá Blönduvirkjun, Malbikunarstöð Akureyrar og Rafveitu Akureyrar. Geymarnir hafa fengið númerin T0073, T0202 og T2017. Skráning geymanna í viðhalds og eftirlitskerfi ODR hefur farið fram en ljúka þarf fullnægjandi merkingum geymana.

Thomas Nerenst, fulltrúi Aker Solutions var í árlegri yfirferð á gufuendurnýtingarbúnaði stöðvarinnar þegar komið var í eftirlit. Viðvarandi rakavandamál í kerfinu er óleyst og eykur álag á loka (PCV251) og dregur úr virkni kerfisins. Að lokinni yfirferð þjónustufulltrúans var endurnýtingarbúnaðurinn í lagi.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró), olíuskiljur og áfyllingarplan. Girðingar og hlið voru í góðu lagi.



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik 1: Merkingar á olíugeymum

**Frávik frá:** Í starfsleyfi, grein 2.9, er gerð krafa um ákveðna samræmda merkingu olíugeyma í samræmi við merkingarkerfi í viðauka I í reglugerð nr. 35/1994. Í 13. grein sömu reglugerðar er síðan krafa um númeraða plötu á geyminum með ákveðnum grunnupplýsingum um geyminn sjálfan. Ljúka þarf merkingu þriggja nýrra geyma í stöðinni.

Í eftirliti hafði ekki verið mæld olía í fráveituvatni stöðvarinnar, en greining hefur nú borist Umhverfisstofnun og því telst það ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi.

### Athugasemd 1: Gufuendurnýtingarbúnaður fyrir bensín

Viðvarandi vandamál með vökvasöfnun í „vacuum“ – kerfi endurnýtingarbúnaðarins eykur álag á búnaðinn og dregur úr virkni hans. Kolsíur og lokar (PCV251) endast skemur en áætlað er og hætta er á að rakt loft, að vetrarlagi, geti dregið úr endurheimtum á bensíni í stöðinni. Finna þarf varanlega lausn á þessu í því skyni að tryggja samfellda virkni kerfisins.

### Önnur mál: Mæling á olíu í frárennsli stöðvarinnar

Umhverfisstofnun hefur samþykkt olíupróf frá Macherey Nagel, sem mælikvarða á hvort olía sé í frárennslinu. Verði litabreytinga ekki vart, telst frárennslið hafa staðist kröfur um minna en 15 mg/kg (ppm) olíu í frárennslinu. Ef vottar fyrir litabreytingum á strimlinum skal taka sýni úr fráveitu stöðvarinnar og mæla olíuinnihald sýnisins (magnbundin greining).

Reykjavík, 29/08/2011

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.